TEITUR

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
Ml. 11.11.4 Ábm. SþG
Innk. 21. JÚNÍ 2016
IRR 16060117

Kópavogur 19.5.2016

Til þess er mál þetta varðar,

Með þessu bréfi staðfesti ég það að starfaði hjá okkur sumarið 2015 sem bílstjóri.

er mjög fær bílstjóri og vel liðinn af farþegum fékk mörg lof og meðmælabréf frá farþegum, hann var tjónalaus og gekk vel og snyrtilega um bílana okkar, öll samskipti voru mjög góð. Ég get hiklaust mælt með sem bílstjóra.

Við óskum alltaf eftir sakavottorði fyrir nýja bílstjóra og í upphafi vinnu skilaði því inn og

Haraldur Teitsson
Framkvæmdarstjóri

**Coach Rental**
Tel: (354) 515 2700

**Tour operator**
Fax: (354) 515 2707

**Travel Service**
e-mail:

Innanríkisráðuneytið
b.t. Skúla Þórs Gunnsteinssonar lögfræðings
Sólvallagötu 7
101 Reykjavík

Kópavogi, 9. júní 2016

**Efni: Beiðni um að réttmætur aðili hlutist til um að óskilyrt verði afmáður hæstaréttardómur yfir mér frá 25. mars 2004 vegna málsins nr. 463/2003.**

Hér með óska ég undirritaður eftir að þér hlutist til um að réttmætir aðilar afmái óskilyrt tilvitnaðan hæstaréttardóm vegna mín frá 2004. Ástæða þessarar beiðni minnar er að ítrekað hef ég þurft að gjalda dómsins þrátt fyrir að ég hafi afplánað að fullu og þar með gert upp dæmdar sakir mínar skv. lögum og landsvenju. Ég harma að eftirtaldir aðilar hafa, eftir að ég hafði sannað mig sem löghlýðinn og gegn borgari í á fimmta ár og gert upp sakir mínar að lögum, nýtt sér dóminn mér til óbærilegs skaða, ærmeiðinga og gríðarlegs fjártjóns: Fóðurblandan, Kynnisferðir í þrígang, Snæland Grímsson, Teitur ehf., Olíudreifing, fyrirtæki sem þjónustar alzheimersjúklinga og Skeljungur. Samtals hefur þessi dómur götunnar margfaldað dæmda refsingu yfir mér ____________

Ég tek skýrt fram að ég tel alvarleika máls þessa vera svo mikinn að ég áskil mér rétt til að sækja rétt minn eftir lögformlegum leiðum. Af þeim ástæðum bið ég líka um að innanríkisráðaherra verði gert kunnugt um þetta bréf.

Ég vona að mál þetta verði víti til varnaðar.

Meðfylgjandi er bréf frá Haraldi Teitssyni hjá fyrirtækinu Teiti sem veitir innsýn í alvarleika máls þessa.

Virðingarfyllst,

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
Ml. 11.11.A Ábm. SbG
Innk. 10. JÚNÍ 2016
IRR 16060117

Innanríkisráðuneytið
b.t. Skúla Þórs Gunnsteinssonar lögfræðings
Sólvallagötu 7
101 Reykjavík

Kópavogi, 9. júní 2016

**Efni: Beiðni um uppreisn æru**

Á grundvelli laga og landsvenju sæki ég undirritaður hér með um uppreisn æru vegna hæstaréttardóms dags. 25. mars 2004 í málinu nr. 463/2003. Umsögnum um mig verður skilað til ráðuneytisins innan fárra daga.

Virðingarfyllst,

Kópavogur 19.5.2016

Til þess er mál þetta varðar,

Með þessu bréfi staðfesti ég það að starfaði hjá okkur sumarið 2015 sem bílstjóri.

er mjög fær bílstjóri og vel liðinn af farþegum fékk mörg lof og meðmælabréf frá farþegum, hann var tjónalaus og gekk vel og snyrtilega um bílana okkar, öll samskipti voru mjög góð. Ég get hiklaust mælt með sem bílstjóra.

Við óskum alltaf eftir sakavottorði fyrir nýja bílstjóra og í upphafi vinnu skilaði

Þegar var búin að starfa hjá okkur í rúman mánuð fengum við hótanir frá hóp sem nefnist „Stöndum saman“ og þeir tjáðu okkur að og ef við hefðum hann í vinnu áfram þá myndu þeir gera allt til þess að fyrirtækið myndi skaðast af því, þessar hótanir stigmögnuðust þannig við sáum okkur ekki fært að hafa í áframhaldandi vinnu.

Haraldur Teitsson
Framkvæmdarstjóri

Coach Rental
Tel: (354) 515 2700

Tour operator
Fax: (354) 515 2707

Travel Service
e-mail

**Benedikt Sveinsson**

Garðabæ, 22. júní 2016

**Til þeirra er málið varðar**

Mér er bæði ljúft og skylt að staðfesta að ég hef á umliðnum misserum fylgst með [redacted] og komist að raun um að hann hefur tekið á lífi sínu með miklum sóma og þráir innilega að lifa heiðvirðu og heilbrigðu lífi. Öll hans framganga er til fyrirmyndar.

Virðingarfyllst,

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
Ml. 11.11.4 Ábm. SbLr
Innk. 29. JÚNÍ 2016
IRR 16060117

**Sveinn Eyjólfur Matthíasson**

Hafnarfirði, 22. júní 2016

**Til þeirra er málið varðar**

Hér með staðfesti ég undirritaður að um tíma hafði ég með höndum stjórn deildar innan Kynnisferða sem starfaði fyrir.

Ég get af heilum huga staðfest að er mjög samviskusamur, vandvirkur og góður bílstjóri. Hann er í hópi bestu fagmanna á sínu sérsviði og væri óskandi að sem flestir gætu tekið hann sér til fyrirmyndar. Honum er að auki umhugað um heill og farsæld vinnuveitenda sinna og hag verkkaupa.

Sem manneskja er hann einstaklega ljúflyndur, þægilegur og umgengnisgóður í hvívetna. Hann hefur líka jákvætt hugarfar og að sama skapi glaðværð sem smitar út frá sér og skapar gott og hlýlegt andrúmsloft.

Virðingarfyllst,

Tillaga
til
forseta Íslands
um uppreist æru.

til heimilis að hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er snertir dóm Hæstaréttar Íslands, uppkveðinn 25. mars 2004, þar sem honum var gert að sæta 5 ára og 6 mánaða óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot á almennum hegningarlögum.

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm.

Í innanríkisráðuneytinu,
14. september 2016.

Allraviröingarfyllst,

Ólöf Nordal

Ragnhildur Hjaltadóttir

Fellst á tillöguna.
Bessastöðum,
16. sept. 2016
Guðni Th. Jóhannesson

Staðfest í ríkisráði
21/10 2016